

183

AUGLÝSING

20. nóv.

um breyting á samþykkt nr. 68 9. marz 1945, um lokunartíma sölubúða á Eskifirði.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Frá 1. janúar til 30. apríl skal loka sölubúðum eigi síðar en kl. 19 á föstudögum og eigi síðar en kl. 13 á laugardögum.

Frá 1. maí til 30. september skal loka sölubúðum eigi síðar en kl. 19 á föstudögum og eigi síðar en kl. 12 á laugardögum.

Frá 1. október til 31. desember skal loka sölubúðum eigi síðar en kl. 18 á föstudögum og eigi síðar en kl. 16 á laugardögum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 35 24. marz 1954, um breyting á samþykkt nr. 68 9. marz 1945, um lokunartíma sölubúða á Eskifirði.

Félagsmálaráðuneytið, 20. nóvember 1959.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

184

AUGLÝSING

24. nóv.

um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

186. Sjúkrasamlag Mýrahrepps, A.-Skaft., staðf. 6. júní 1958.

187. — Vopnafjarðarhr., N.-Múl., staðf. 20. nóv. 1959.

188. — Seyðisfjarðarhr., N.-Múl., staðf. 20. nóv. 1959.

Félagsmálaráðuneytið, 24. nóvember 1959.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.